

GJALDSKRÁ

Sjúkratrygginga Íslands fyrir tannréttingar.

1. gr.

Sjúkratryggingar Íslands endurgreiða, að hluta eða öllu leyti, kostnað skv. gjaldskrá þessari vegna þeirra tannréttinga sem skilgreindar eru í reglugerð nr. 1058/2009, sbr. síðari breytingar, enda hafi ekki verið samið um þær skv. IV. kafla laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar.

Sjúkratryggingar Íslands endurgreiða kostnað vegna tannréttinga í samræmi við 2. og 3. gr. Endurgreiðslur reiknast út frá einingarverði sérfræðings í tannréttingum, en þó aldrei hærra einingarverði en 50.000 kr.

2. gr.

Endurgreiðsla vegna tannréttinga skv. þessari grein skal vera í tvennu eða þrennu lagi að lokinni ísetningu fastra tækja.

Sjúkratryggingar endurgreiða 2 einingar samkvæmt staflíðum a. og b. þessarar greinar vegna tannréttingar sem krefst meðferðar með föstum tækjum í annan góminn en 3 einingar samkvæmt staflíðum a. og c. vegna tannréttingar sem krefst meðferðar með föstum tækjum í báða góma. Skilyrði er að framvísað sé reikningum sérfræðings í tannréttingum vegna viðkomandi meðferðar sem eru jafnháir eða hærri en samsvarar endurgreiðslum skv. gjaldskrá þessari:

- a. Ein eining þegar meðferð er hafin.
- b. Ein eining að meðferð lokinni.
- c. Tvær einingar að meðferð lokinni. Taki meðferð lengri tíma en 12 mánuði er þó heimilt að skipta greiðslunni í tvennt og greiða 1 einingu að 12 mánum liðnum og 1 einingu að meðferð lokinni.

3. gr.

Á reikningi (greiðslukvittun) skulu koma fram eftirtalin gjaldnúmer og heiti verks:

Gjaldnúmer	Heiti verks/Skýringar á greiðslutilhögun	Einingar
809	Tannrétting / Föst tæki í annan tannbogann	
	Að lokinni uppsetningu fastra tækja	1
	Að loknu brottnámi fastra tækja	1
	Samtals	2
810	Tannrétting / Föst tæki í báða tannbogana	
	Að lokinni uppsetningu fastra tækja	1
	Tólf mánuðum síðar	1
	Að loknu brottnámi fastra tækja	1
	Samtals	3

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er með stoð í 1. mgr. 38. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar og reglugerð nr. 1058/2009, öðlast þegar gildi og gildir til 31. desember 2010. Við gildistöku gjaldskrár þessarar fellur úr gildi gjaldskrá frá 21. desember 2009, sbr. auglýsingu nr. 1059/2009.

Sjúkratryggingum Íslands, 18. mars 2010.

Steingrímur Ari Arason.

Kristján Guðjónsson.